

Mánudaginn 2. júlí 1917.

38/1917.

Ingibjörg Finnsdóttir  
gegn  
Birni Sigfússyni.

D ó m u r :

Mál þetta átti að falla í rétt samkvæmt áfrýj-  
unarstefnunni 25. f. m., en þá mætti áfrýjandi eigi  
og enginn af hennar hendi og var stefnan  
eigi lögð fram í yfirdóminum. Aftur á móti mætti  
þá í yfirdóminum af stefnda hálfu samkvæmt stefn-  
unni yfirréttarmálafiutningsmaður Guðmundur Ólafs-  
son og krafðist kosts og tæringar handa stefnda. Ber  
að taka þá kröfu til greina samkvæmt N.L. 1—4—34  
og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 6 krónur  
sem ómaksbætur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Ingibjörg Finnsdóttir greiði stefnda  
Birni Sigfússyni umboðsmanni á Kornsa 6 kr. í  
ómakshætur, er lúkist innan 8 vikna frá lög-  
birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.